

**Umhverfis- og skipulagsnefnd - 167167. fundur umhverfis- og skipulagsnefndar
haldinn í Ráðhúsi Snæfellsbæjar, þriðjudaginn 17. janúar 2023
og hófst hann kl. 10:00.**

Fundinn sátu:

Halldór Kristinsson, Illugi Jens Jónasson, Kristjana Hermannsdóttir, Ragnar Már Ragnarsson, Hildigunnur Haraldsdóttir, Birgir Tryggvason, Matthías Páll Gunnarsson og Karitas Hrafn Elvarsdóttir.

Fundargerð ritaði: Karitas Hrafn Elvarsdóttir, Aðstoðarmaður byggingarfulltrúa.

Dagskrá:

1. Dritvíkurvegur og Djúpalónssandur breyting aðalskipulags og nýtt deiliskipulag - 2209001

Lagðar eru fram tillögur að breytingu aðalskipulags vegna Dritvíkar og Djúpalónssands þar sem bætt er inn setningu um hámarks stærð byggingar vegna aths. Skipulagsstofnunar og óbreytt deiliskipulagstillaga ásamt umhverfismatskýrslu beggja skipulagsstiga.

Samþykkt er að beina tillögum í lögboðið auglýsingarferli í samræmi við skipulagslög.

Umhverfis og skipulagsnefnd samþykkir erindið og beinir því í lögboðið auglýsingarferli í samræmi við 31. og 41. grein skipulagslaga.

Samþykkt

2. ASK_Breyting aðalskipulags í Krossavík - 2203012

Lagðar eru fram tillögur að breytingu aðalskipulags og nýs deiliskipulags vegna Krossavíkurbaða með óverulegum lagfæringum vegna ábendinga Skipulagsstofnunar.

Samþykkt er að beina tillögum í lögboðið auglýsingarferli í samræmi við skipulagslög.

Umhverfis og skipulagsnefnd samþykkir erindið og beinir því í lögboðið auglýsingarferli í samræmi við 31. og 41. grein skipulagslaga.

Samþykkt

3. Umsókn um framkvæmdarleyfi vegna bættra sjóvarna - Ólafsbraut - Ennisbraut - Hellnar - 2301001

Vegagerðin sækir um framkvæmdarleyfi til Snæfellsbæjar vegna bættra sjóvarna á Ólafsbraut - Ennisbraut og Hellnum.

Umhverfis og skipulagsnefnd samþykkir útgáfu framkvæmdarleyfis. Upplýsingar um framkvæmdir á Hellnum verða sendar til hafnarstjórnar Snæfellsbæjar.

Nefndin telur nauðsynlegt að lengja útrásina við Hvalsá og halda sömu breytt á vegöxlinni norðan megin.

UMHVERFIS- OG SKIPULAGNEFND SNÆFELLSBÆJAR

Samþykkt

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 10:45.